

HEIMILD TIL UPPLÝSINGAÖFLUNAR ÚR SAKASKRÁ RÍKISINS

Í æskulýðslögum nr. 70/2007 segir í 3. – 4. mgr. 10. gr.: „Óheimilt er að ráða til starfa hjá aðilum, sem 2.gr. tekur til og sinna börnum og ungmennum undir 18 ára aldri í æskulýðsstarfi, einstaklinga sem hlotið hafa refsíðóm vegnar brota á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Sama gildir um þá sem hlotið hafa refsíðóm fyrir brot gegn lögum um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974, á síðastliðnum fimm árum. Ákvæði þetta nær einnig til þeirra sem falin er umsjón með börnum og ungmennum undir 18 ára aldri á grundvelli sjálfboðaliðastarfs. Yfirmenn skóla, leikskóla, sumardvalarheimila, íþrótta- og tómstundamiðstöðva og annarra slíkra stofnana eða staða þar sem börn og ungmenni koma saman eða dveljast um lengri eða skemmri tíma og 2. gr. tekur til, eiga rétt til upplýsinga úr sakaskrá um það hvort tiltekinn einstaklingur, sem sótt hefur um störf á þeirra vegum, hefur hlotið dóm vegna brota sem 3. mgr. tekur til, að fengnu samþykki hans.“

Undirrituð/undirritaður/undirritað veitir hér með _____ kt. _____ heimild til að leita eftir upplýsingum hjá Sakaskrá ríkisins um hvort ég hef hlotið refsíðóm vegna brota á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940 (kynferðisbrot) og laga nr. 65/1974 um ávana- og fíkniefni á síðastliðnum fimm árum.

Þar að auki veitir undirrituð/undirritaður/undirritað (*æskulýðsfélagi*) heimild til að leita eftir upplýsingum hjá Sakaskrá ríkisins um hvort ég hef hlotið refsíðóm vegna brota á ákvæðum XXIII. og XXIV. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940 (manndráp og líkamsmeiðingar og brot gegn frjálrsræði manna) og barnaverndarlaga nr. 80/2002 á síðastliðnum fimm árum. Mér hefur verið kynnt og ég geri ég mér grein fyrir því að þessar upplýsingar eru umfram heimild skv. 3. og 4. mgr. 10. gr. æskulýðslaga.

Undirrituð/undirritaður/undirritað samþykkir enn fremur að þessar upplýsingar verði geymdar í lokuðu kerfi í trúnaðarbók.

Þessi heimild er gild á meðan viðkomandi sinnir störfum á vegum hreyfingarinnar. Kjósi undirrituð/undirritaður að afturkalla umboð eða heimild þessa skal það gert skriflega.

Nafn: _____

Kennitala: _____

Staður: _____

Dagsetning. _____

Samþykkt með undirskrift: _____

Kennitala: _____